

Reginn hf.

Aðalfundur 14. mars 2019

Endanleg dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Regins hf. sem haldinn verður í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Rímu fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 14. mars 2019 klukkan 17:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og til nefndarmanna tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.

Tillögur stjórnar Regins hf.

2. Ársreikningur

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2018 verði samþykktur.

3. Arður

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður á árinu 2019, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður af rekstri 2018 verður fluttur til næsta reikningsárs.

4. Starfskjarastefna

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt, stefna er óbreytt frá aðalfundi 14. mars 2018.

5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

Gengi hluta sem keyptir eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kaupsboði í þeim viðskiptakerfum þar sem víðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af víðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1.tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.

Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar og skal hennar getið í viðauka við samþykkir Regins hf. sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykta félagsins.

Greinargerð:

Stjórn Regins hf. birtir hér með arðgreiðslustefnu félagsins. Miðar sú stefna við að greiða hluthöfum fjárhæð sem nemur um 1/3 hluta af hagnaði félagsins árlega, frá og með árinu 2020 að telja, annað hvort í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum. Verði tillaga þessi samþykkt stefnir stjórn Regins hf. að því að setja upp endurkaupaáætlun á árinu 2019 sem gilda myndi að hámarki fram að næsta aðalfundi félagsins.

Til að félagið geti fest kaup á eigin bréfum, í samræmi við arðgreiðslustefnuna, þarf samþykki hluthafafundar að liggja fyrir skv. ákvæðum í VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Arðgreiðslustefna Regins hf.

Stjórn Regins hf. hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum.

Með vísun í fjárfestingarstefnu félagsins hyggst Reginn hf. halda skuldsetningu félagsins sem hlutfalli af fjárfestingareignum undir 65% og að raunávöxtun eiginfjár verði að jafnaði yfir 10%.

Stefnt er að því að Reginn hf. greiði til hluthafa sinna fjárhæð sem nemur um 1/3 hluta hagnaðar næstliðsins rekstrarárs annað hvort í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum.

Félagið stefnir að reglubundnum arðgreiðslum og kaupum á eigin bréfum, skv. formlegri endurkaupaáætlun, í þeim tilgangi að lækka hlutafé félagsins, sé svigrúm til þess.

Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu eða atvikum fjárhæð sem varið er til kaupa á eigin bréfum í þeim tilgangi að lækka hlutafé félagsins skal litið til þess að félagið viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu.

Mun tillögugerð stjórnar til aðalfundar hvers árs taka mið af stefnu þessari.

(Þannig staðfest af stjórn Regins þann 26. febrúar 2019).

6. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum félagsins, ef einhverjar hafa borist.

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund, sé tillaga samkvæmt 5. dagskrárlið samþykkt, svohljóðandi viðauka við samþykktir félagsins sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykpta félagsins:

Viðauki

Á aðalfundi félagsins þann 14. mars 2019 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

„Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa í eitt skipti eða oftar hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

Gengi hluta sem keyptir eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu víðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim víðskiptakerfum þar sem víðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af víðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1.tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.

Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar og skal hennar getið í viðauka við samþykktir Regins hf. sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykpta félagsins“.

7. Kosning félagsstjórnar

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út sjö dögum fyrir aðalfund eða fimmtudaginn 7. mars nk. kl. 16:00. Liggja endanleg framboð því ekki enn fyrir. Skýrsla tilnefningarnefndar Regins hf. var birt samhlíða boðun aðalfundar þann 20. febrúar 2019.

Sérstök athygli er vakin á því að framboðsfrestur rennur út **sjö dögum** fyrir aðalfund, svo sem fyrr greinir, en krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna skal hafa borist stjórn félagsins minnst **fimm dögum** fyrir aðalfund.

Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar. Í tilkynningu skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðum skal skila á netfangið tilnefningarnefnd@reginn.is.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

8. Kosning endurskoðanda

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, að KPMG hf. verði endurkjörð sem endurskoðandi félagsins til næsta árs. Er það í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndar Regins hf.

9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.

Á hluthafafundi Regins hf. þann 13. september 2018 var samþykkt að við kjör nefndarmanna tilnefningarnefndar í fyrsta skipti skyldu nefndarmenn kjörnir til aðalfundar 2020, en að öðru leyti skal farið eftir starfsreglum nefndarinnar eftir því sem við getur átt.

Skipan nefndar er því óbreytt fram að aðalfundi 2020.

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir kjörtímabilið 2019.

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun fyrir hvern mánuð árið 2019 verði þannig að þóknun hvers stjórnarmanns verði 340.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns.

Varamönnum skulu greiddar 170.000 kr. fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en 340.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skuli vera þannig að þóknun hvers nefndarmanns í starfskjaranefnd skuli vera 30.000 kr. á mánuði, þóknun hvers nefndarmanns í endurskoðunarnefnd skuli vera 60.000 kr. á mánuði og þóknun formanns endurskoðunarnefndar skuli vera 100.000 kr. á mánuði. Þóknun hvers nefndarmanns í tilnefningarnefnd skuli vera 60.000 á mánuði og þóknun formanns tilnefningarnefndar skuli vera 90.000 kr. á mánuði.

11. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Ofangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir aðalfund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 1. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 26. febrúar 2019.

Stjórn Regins hf.